

Þróunarsjóður innflytjendamála

Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Tilsjón og Okkar mál

Nafn styrkþega: Reykjavíkurborg/Þjónustumiðstöð Breiðholts

Útdráttur: Tungumálið er það tæki sem við notum til samskipta og hugsunar. Forsenda farsælla samskipta er færni í að skilja aðra og að geta gert sig skiljanlegan. Málþroski tengist samskiptum, líðan og hegðun og á honum byggjast flest tækifæri til virkrar samfélagsþátttöku. Frávik í málþroska geta því haft víðtæk áhrif á líf og velferð einstaklinga. Í tilraunaverkefninu TOM um snemmtæka íhlutun var unnið að því að efla málumhverfi barna á heimilum þeirra. Hópur fagfóks við Þjónustumiðstöð Breiðholts, í samstarfi við leikskóla í efra Breiðholti, stóð að verkefninu. Tilurð verkefnisins byggði á niðurstöðu málþroskaskimunar meðal leikskólabarna í efra Breiðholti. Málþroskaskimunin sýndi að um helmingur barnanna í leikskólunum mældist með alvarlegan málþroskavanda, eða meira en tveimur staðalfrávikum undir stöðluðu meðaltali. Fjórðungur barnanna sem mældust með alvarlegasta málþroskavandann eða þremur staðalfrávikum undir stöðluðu meðaltali, elst upp á íslenskum heimilum. Það hlutfall sýnir samsetningu nemendahópsins nokkuð nákvæmlega þar sem fjórðungur barnanna er af íslenskum uppruna.

Helstu áfangar TOM verkefnisins voru:

- a) Þjálfun ráðgjafa til að veita stuðning og ráðgjöf inni á heimilum. Ráðgjafarnir voru allir sérfræðingar í þroska og hegðun barna.
- b) Mótun „TOM verkfærakistu“ sem fól í sér leiðbeiningar og aðferðir um hvað skyldi gert í hverri heimsókn ráðgjafa inn á heimili barns.
- c) Kynning fyrir foreldrum í tveimur leikskólum í efra Breiðholti á TOM verkefninu. Fjölskyldur sem tóku þátt skrifuðu undir upplýst samþykki.
- d) Heimsóknir inn á hvert heimili í 6 skipti þar sem ráðgjafi vann með börnum og foreldrum þeirra með það að markmiði að efla málþroska barnanna og styrkja málörvandi þætti. Samhliða ráðgjöf um málörvun veitti ráðgjafinn foreldrum stuðning og ráðgjöf um uppeldi eftir þörfum.
- e) Mat á árangri íhlutnar með 1) Málþroskaskimun fyrir börn á fjórða aldursári; 2) Málþroska, bæði fyrir og eftir að íhlutun átti sér stað; 3) Viðhorfskönnun foreldra/uppalenda sem samanstóð af spurningum um viðhorf foreldra til lestrar og opnun spurningum um viðhorf foreldra til verkefnisins.

- f) Verkefnið fór af tilraunastigi þar sem 7 fjölskyldur tóku þátt yfir á það stig að geta talist fullgild leið við að veita stuðning til að efla málþroska barna. 25 fjölskyldur fengu TOM stuðning árið 2019.

Name of the project: TOM

Name of grantee: Breiðholt Service Center/Þjónustumiðstöð Breiðholts

Project description: Successful development of language and literacy skills in early childhood is critical for later academic, behavioral, social, and emotional functioning. Language and literacy skills are continuously shaped by the complex interplay between nature (e.g., genetic factors) and nurture (e.g., environmental settings). The TOM-Project, pioneered and managed by social support and early childhood development professionals, working at Breiðholt Service Center (BSC), Reykjavik, focused on supporting parents of preschool students in Upper-Breiðholt in creating a home environment conducive to successful language development. Upper-Breiðholt is highly culturally, linguistically, and socioeconomically diverse school district in Reykjavik. BSC, in collaboration with two preschools in the area, sought to expand its services by offering home-based early intervention support (i.e., the TOM-Project) for children and their families residing in the area, using empirically-based approaches, tailored to meet the unique needs of each family. Project for early intervention revolved around strengthening preschool children's home language environment. TOM-Project consultants, all of whom were pursuing a graduate degree within the area of child development (e.g., school and developmental psychology, speech and language therapy) and hired specifically for this project, worked with each participating child and their family, with the aim of promoting the children's expressive and receptive language skills. Additionally, TOM-Project consultants provided support and counseling concerning parent management skills and positive behavior support as needed. As a result, the TOM-Project revolved around prevention and early intervention, wherein the goal was to provide support to children and families as promptly as possible, promoting protective factors, and preventing language and literacy deficits. In a nutshell, the aim of this initiative was to enable the child to use language for effective communication. Total 25 families in Upper-Breiðholt received Tom support in 2019.